

**Nr. 18-054 S 034 Kap II VE 7*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1062  
IMO: 6804692  
Útgerð: Vinnslustöðin hf.  
Smíðaður: Stálvík, 1967, stál  
Stærð: 407,58 brl. 575,28 bt.  
Mesta lengd: 52,07 m Skráð lengd: 47,0 m  
Breidd: 7,90 m Dýpt: 6,20 m  
Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981  
Fjöldi skipverja: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. september 2017 var Kap II VE 7 á netaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: SSA 4 m/s.

Skipverji var að fara úr stakkageymslu og niður á vinnsluþilfar. Þegar hann steig í fyrsta þrepíð á stiga rann hann til og féll niður stigann og slasaðist.



Séð niður stigann úr stakkageymslunni

**Við rannsókn kom fram:**

Aðkoman að lúgunni

- að engin handrið voru á þilinu við niðurganginn eða á stiganum;
- að hæðin milli þilfara var 2,2 metrar sem var fallhæðin, stiginn var 70 cm breiður;
- að lúgan á mannopinu var fest upp með krók í þilið;
- að stigaþrepin voru úr opnu grindarefni og voru ekki sleip;
- að skipverjinn var í öryggisstígvélum með stáltá;
- að skipverjinn slasaðist illa á hægra hné og fékk áverka á bak, öxl og háls;
- að skipið var áður á loðnuveiðum og hafði verið notað á netaveiðar.



Stiginn niður á vinnsluþilfarið

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var ófullnægjandi frágangur á stiga.